


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	<b>Véltrésmíði</b> <b>TRÉS1AB01</b> <b>Námsáætlun haustannar 2015</b>	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

<b>Nafn kennara:</b>	<i>Halldór Torfi Torfason og Kristján Davíðsson</i>	<b>Sk.stöfun:</b>	HTT og KRÐ
----------------------	---	-------------------	------------

## Áfangalýsing

Í áfanganum læra nemendur grunnatriði í véltrésmíði. Fjallað er um algengustu trésmíðavélar sem notaðar eru í tré- og byggingaiðnaði, meðferð þeirra og umhirðu. Farið er yfir grunnatriði við vinnslu á gegnheilum viði, stillingar, fyrirbyggjandi viðhald, hlífar, hjálpartæki, líkamsbeitingu og öryggismál og nemendur fá innsýn í að velja og skipta um helstu eggjárn. Lögð er áhersla á notkunarleiðbeiningar og merkingar á tækjum og búnaði. Kennsla í áfanganum byggir á innlögnum frá kennara þar sem hann útskýrir grunnatriði fyrir nemendum með sérstakri áherslu á öryggisþætti en að öðru leyti er aðaláherslan á verkefni þar sem nemendur fá þjálfun í notkun véla og tækja. Áfanginn er hluti af grunnnámi byggingagreina.

## Áfangamarkmið

Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

- uppbyggingu og notkun á algengustu trésmíðavélum
- öryggiskröfum sem gerðar eru við vinnu við trésmíðavélar

Nemandi öðlist leikni í að:

- nota trésmíðavélar við vinnu á gegnheilum viði á öruggan hátt
- ganga um trésmíðaverkstæði sem vinnustað
- velja bitverkfæri við hæfi

Nemandi geti hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:


- vinna með gegnheilan við í bútsög, aftéttara, þykktarhefli og plötusög.
- gera sér grein fyrir því hvaða hættur eru fyrir hendi við vélavinnu og bregðast við þeim á réttan hátt
- vera ábyrgur við notkun og umgengni við trésmíðavélar og trésmíðaverkstæði

## Námsgögn

Upplýsingar frá kennara

## Verkefni og yfirferð

Bútun, afrétting, þykktarheflun, sögun.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2	<b>Véltrésmíði</b> <b>TRÉS1AB01</b> <b>Námsáætlun haustannar 2015</b>	

Vika	Verkefni	Vægi
34	Kynning	
35 – 36	1. Bútun	10%
36 – 40	2. Afrétting	20%
36 – 40	3. Þykktarheflun	20%
39 – 49	4. Sögun	50%

*Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.*

Verkefni taka mið af aðstæðum á verkstæði á hverjum tíma.

### Námsmat

Áfanginn er símatsáfgi þar sem horft er til vinnu nemandans og ástundun í áfanganum.

### Dagsetning

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils